

**AUGLÝSING**

um

**innflutningsbann.****97**  
10. des.

Með því að mjög skæð munn- og klaufaveiki í búpeningi gengur nú í Danmörku og Svíþjóð og að enn fremur hefir borið á veiki þessari í Þýskalandi, Hollandi, Belgíu og Noregi, er hjermeð samkvæmt lögum nr. 22, frá 15. júní þ. á., um innflutningsbann á dýrum o. fl., bannað að viðlögðum sektum og skaðabótum samkvæmt tjeðum lögum, fyrst um sinn, að flytja til landsins frá framangreindum löndum lifandi fugla, hey, hálm, alidýraáburð, hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, hverju nafni sem nefnast, ósoðna mjólk og brúkaða fóðurmjólssækki. Umbúðahálm, sem flyst inn frá tjeðum löndum utan um vörur til næsta nýárs, skal brenna þegar í stað undir eftirliti lögreglustjóra, en frá þeim tíma fer um umbúðahálm og um aðrar framangreindar vörur.

Auglýsingar frá 27. júlí og 19. ágúst þ. á., um sama efni, eru hjermeð úr gildi feldar.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. des. 1926.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson,*

**REGLUGJÖRÐ**

um

**hundahald í Víkurkaupþúni í Vestur-Skaftafellssýslu,****98**  
15. des.

1. gr.

Bannað er öllum íbúum Víkurkaupþúns að halda hunda. Þó skulu undanskildir því banni ábúendur Suður- og Norður-Víkurjarða (þó eigi að því er tíkur snertir), enda sje þeim skylt að hlíta ákvæðum þeim, sem gilda á hverjum tíma sem er fyrir sýsluna um lækning hunda af bandormum m, m,

98

15. des.

2. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 5—500 kr., er renna í sveitarsjóð Hvammshrepps (Víkurrepps), og er hver hundur rjettdræpur, sem fyrirfinst á kaupútnslóðinni, nema hann fylgi aðkomumanni.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1927.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Hvammshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. des. 1926.*

Magnús Guðmundsson.

*Vígfús Einarsson.*

99

27. des.

## AUGLÝSING

um

### viðauka við auglýsingu 10. des. 1926 um innflutningsbann.

Meðan munn- og klaufaveiki í búpeningi gengur í löndum þeim, sem um ræðir í tjeðri auglýsingu, er hjermeð skipað svo fyrir fyrst um sinn, að allir, sem koma hingað til lands frá útlöndum, skulfi á fyrstu höfn, sem skipið hafnar sig á, áður en þeir stíga af skipsfjöl, gefa lögreglustjóra eða sóttvarnarlækni yfirlýsingu að viðlögðum drengskap um það, hvort þeir hafi síðustu sex vikur áður en þeir lögðu í haf frá útlöndum dvalið í sveit, þar sem tjeður sjúkdómur hefir gengið síðastliðið ár.

Hafi slíkur farþegi dvalið í sýktu hjeraði síðustu 6 vikur, má hann ekki, að viðlagðri refsingu, fara neitt burtu út um sveitir, eða þangað, sem búpeningur er, fyr en 6 vikur eru liðnar frá því hann ljet í haf frá útlöndum, nema hann og farangur hans hafi verið rækilega sóttthreinsaður, enda leyfi lögreglustjóri för hans.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. des. 1926.*

Magnús Guðmundsson.

*Vígfús Einarsson.*